

**Stjórn Kjalar stéttarfélags ákvað á stjórnarfundum þann 13. mars 2014 að leggja eftirfarandi tillögur fyrir aðalfund til samþykktar.**

**Tillögur**

1. Tillaga um félagsgjöld:  
Stjórn Kjalar stéttarfélags leggur til að félagsgjöld verði óbreytt frá því sem nú er þ.e.a.s. 1% af öllum launum.
2. Tillaga um gjald í Vinnudeilusjóð:  
Stjórn Kjalar stéttarfélags leggur til að gjald í Vinnudeilusjóð verði 4% af félagsgjaldi að frádregnum gjöldum til BSRB.
3. Tillaga um gjald í Áfallasjóð:  
Stjórn Kjalar stéttarfélags leggur til að gjald í Áfallasjóð verði 0,5% af félagsgjaldi að frádregnum gjöldum til BSRB.
4. Tillaga um framlag úr Orlofssjóði til félagssjóðs:  
Stjórn Kjalar stéttarfélag leggur til að Orlofssjóður greiði 7% af orlofssjóðsgjöldum til félagssjóðs til að mæta kostnaði af rekstri orlofssjóðs.
5. Tillaga um félagsgjald starfsmanna sem starfa á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.  
Stjórn Kjalar stéttarfélags leggur til að þeim embættismönnum sem starfa á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986 og eru án kjarasamnings fái aðild að félaginu. Félagsgjald verði 2,11% sem skiptist í alla sjóði félagsins eftir ákvæðum þeirra þar um.